

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. ágúst 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

AUGLÝSING

um hækkun raforkuverðs í smásölu.

Skv. heimild í Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, hefir ráðuneytið heimilað Rafmagnsveitu Reykjavíkur 10% hækkun smásöluverðs seldrar raforku miðað við grunnverð í nügildandi gjaldskrá, frá og með 1. september 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús, 100 m² og stærri, kr. 2 000.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 800.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 220.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 640.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimædagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m³ kr. 84 000.00.

Hús 300—2000 m³ kr. 84 000.00 fyrir 300 m³ og kr. 63.00 hvern m³ þar yfir.

Hús stærri en 2000 m³ kr. 193 000.00 fyrir 2000 m³ og kr. 53.00 hver m³ þar yfir.

Stofngjald fyrir aukahemil á sama inntaki er kr. 10 000.00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1975. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta gjöldunum í samræmi við þær breytingar, sem verða kunna á vísitölunni.

Heimild til hækkunar skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.